

Fundurgerð nr 23

Skólaráðsfundur 4.október 2017

Klukkan 16.00.

Mættir eru : Hrafnhildur Ágústsdóttir, Lilja Össurardóttir, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, Bolette Höeg Koch, Ari Einarsson, Lilja Loftsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Jón Ágúst Haraldsson og Hafdís Hafsteinsdóttir sem ritar fundargerð

1. Bolette setti fund og sagði frá dagskrá fundarins. Allir aðilar hafa fengið sent í pósti þau gögn sem farið verður yfir.

Dagskrá

1. Starfsáætlun skólans 2017-2018

Bolette kynnti starfsáætlun skólans. Helga spyr um verkefnið Jól í skókassa. Hún var með þá hugmynd að kennarar færðu foreldrabáttinn úr þessu verkefni og inn í skólann. M.a. með það í huga að nemendur leituðu til fyrirtækja með að kaupa sápu og fleira.

Helga ræddi einnig um kirkjuheimsóknir og helgileikinn. Lagði til að sleppa kirkjuheimsóknum þar sem margir skólar væru að gera það. Þau börn sem ekki fara í kirkju fengju heimsókn til dæmis frá Siðmennt sem hún er formaður fyrir. Þá væri hægt að lesa upp jólasveinasögur í staðinn. Ennfremur að fella niður helgileik sem nemendur taka þátt í á aðventukvöldi.

2. Almenni hluti skólanámskrár 2017-2018

Námskráin sýnd

3. Aksturs skipulag 2017-2018

Akstur skólabíla 2017-2018 kynntur

4. Heilsueflandi skóla .

Heilsueflandi skóli. Hafdís sagði að í ár yrði lífsleikni fyrir valinu en ennfremur að haldið yrði í alla aðra grunnþætti. Þá er skólinn áfram með í þeim viðburðum sem tilheyra eins og Göngum í skólann, lífshlaupið og svo framvegis.

5. Ytra mat

Ytra mat er á netinu undir Menntamálastofnum.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 16.45

Hafdís Hafsteinsdóttir